

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 255. FUNDUR.

255. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 19. maí 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Magnús Eðvaldsson, varamaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður

### Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

### Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

### Oddviti setti fund.

Oddviti óskaði eftir að taka fyrst á dagskrá 870. fundargerð byggðarráð. Samþykkt með 7 atkvæðum

## 1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

**Fundargerð 870. fundar**, frá 18. maí sl. Fundargerð í 2. liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. dagskrálið. „Sveitarstjórn samþykkir tillögu byggðarráðs að frátalinni leið 7 þar sem athugasemdir hafa borist við útboðslýsingu á þeirri leið. Því er afgreiðslu hennar frestað.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðin borin upp í heild sinni og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 865. fundar**, frá 13. apríl sl. Fundargerð í 8 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 866. fundar**, frá 20. apríl sl. Fundargerð í 15 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 867. fundar**, frá 27. apríl sl. Fundargerð í 12. liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 6. dagskrálið „Sveitarstjórn fagnar nýgerðum samningi vegna Dreifnáms í Húnaþingi vestra. Dreifnámið er samfélaginu í Húnaþingi vestra afar mikilvægt. Með því er unga fólkinu gert kleift að vera lengur heima en annars með þeim fjárhagslega og félagslega ávinningi sem af því hlýst. Það hefur sýnt sig að fleiri skrá sig til náms á þeim stöðum sem dreifnám er í boði og dreifnámsnemendur hafa skilað sér vel í áframhaldandi nám. Sveitarstjórn vill vekja á því athygli að það fjárframlag sem ætlað er til dreifnámsins frá ríkinu stendur ekki straum af öllum kostnaði við rekstur þess. Á árinu 2015 styður sveitarfélagið Húnaþing vestra við starf dreifnámsins með fjárframlagi í kringum 6 milljónir króna auk þess að niðurgreiða hádegismat til nemenda. Sveitarfélagið hefur stutt starf dreifnámsins með líkum hætti frá upphafi og kostaði auk þess standsetningu húsnæðis dreifnámsins og kaup á nauðsynlegum búnaði ásamt fyrirtækjum og félagssamtökum í

Húnaþingi vestra. Einnig er vakin á því athygli að þó svo að samningurinn gildi til ársloka 2019 eru í honum ákvæði um lágmarksfjölda nemenda. Það er því afar mikilvægt að foreldrar í sveitarfélaginu hvetji börn sín til að sækja nám í dreifnáminu fyrstu ár framhaldsskólanámsins til að þjónustan haldi áfram að vera í boði fyrir ungmenni í Húnaþingi vestra.“.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 868. fundar**, frá 4. maí sl. Fundargerð í 8 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 869. fundar**, frá 12. maí sl. Fundargerð í 6 liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 6. dagskrárlíð „Sveitarstjórn fagnar því að boðið er uppá frístundastarf í Húnaþingi vestra og hvetur foreldra til að nýta sér þessa nýju þjónustu fyrir börn sín.“ Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 2. Félagsmálaráð

Fundargerð 159. fundar frá 15. apríl sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

## 3. Fræðsluráð

Fundargerð 160. fundar frá 6. maí sl. Fundargerð í 3 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 2. dagskrárlíð „Sveitarstjórn tekur undir með fræðsluráði og lýsir ánægju sinni með verkefnið og að Ásgarði hafi verið falið að veita því forystu.“ Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

## 4. Fundargerð skipulags- og umhverfiráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 251. fundar frá 7. maí sl. Fundargerð í 6 liðum.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir víkur af fundi við 1. dagskrárlíð. Borinn undir atkvæði 1. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 6 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 3. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum

Elín R. Líndal víkur af fundi við 4. dagskrárlíð. Borinn undir atkvæði 4. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 6 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 5. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 6. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Fundargerðin borin upp í heild sinni og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 5. Ungmennaráð

Fundargerð 28. fundar ungmennaráðs frá 20. apríl sl. Fundargerð í 5 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 29. fundar ungmennaráðs frá 12. maí sl. Fundargerð í 4 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 6. Skýrsla sveitarstjóra. Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:23

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

---

Magnús Eðvaldsson.

---

Sigríður Elva Ársælsdóttir.